

Ed. 94. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Aftan við 4. efnismálsgr. 4. gr. laga nr. 64 frá 1938 komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Gjaldið reiknast af brunabótavirðingu nýbyggingarinnar og fellur í gjalddaga þegar, er hún hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hið svokallaða skipulagsgjald, sem samkv. 4. gr. laga nr. 64 frá 1938 er 3% af hverri nýbyggingu í þeim bæjum, þar sem byrjað er að vinna að skipulagi, hefur fram að þessu ekki verið tryggt með lögveði. Veldur það miklum boga við innheimtuna, þar sem eigendaskipti eru mjög tíð meðan hús eru í byggingu eða nýbyggð og því oft erfitt að vita, hverjum beri að greiða gjaldið. Er úr þessu bætt með lögum þessum. Jafnframt þykir rétt að setja inn í lögina ákvæði um, að gjaldið skuli miðað við brunabótavirðingu og falla í gjalddaga, er hún hefur farið fram, en þessi ákvæði eru nú aðeins í reglugerð nr. 99 frá 1938.